

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 16. maí 2006
Tilvísun: UST20060400120/bs

Tillaga að deiliskipulagi fyrir námusvæðið við Bolaöldur.


Í tillögu að deiliskipulagi er fyrirhugað að stækka efnistökusvæðið við Bolaöldur um 29 hektara. Áætlað er að taka um 2.000.000 m³ af efni á því svæði á næstu tíu árum.


Í vinnslu- og frágangsaætlun sem er hluti tillagna kemur fram að lögð verði áhersla á að lágmarka innsýn inn í námuna frá Suðurlandsvegi. Verður það gert annars vegar með því að halda óröskuðum móbergshryggjum milli námunnar og vegarins og hins vegar með því að tryggja að efnistaka fari fram neðan tilgreindra hæðarlína í hlíðum Vífilsfells.

Umhverfisstofnun telur vinnslu- og frágangsaætlun góða að undanskyldum hugmyndum um jaðarsvæði (buffer) við mörk efnistökusvæðisins. Stofnunin telur einfaldara að móta jaðra námunnar í endanlegum fláa með sjálfri efnistöku. Þar sem fyrirhugað er að vinna námuna misdjúpt, með fláa í breytilegum halla, gæti reynst erfitt að gera ráð fyrir síbreytilegu jaðarsvæði.

Fyrirhuguð efnistaka er tilkynningarskyld sbr. bréf Skipulagsstofnunar frá 6. apríl sl. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þessi umsögn varðar eingöngu vinnslu- og frágangsaætlun sem sett er fram í tillögu að deiliskipulagi og bindur ekki hendur Umhverfisstofnunar við umfjöllun um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllt


Olafur Arnar Jónsson


Helgi Þorsson
Forstöðumaður